

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Búðahreppi.

Sveitarstjórn Búðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. september 2001 deiliskipulag neðan Búðavegar frá smábátahöfn að hafskipabryggju. Komið er á tengingu frá smábátahöfn að hafskipabryggju á nýrri fyllingu í fjöruborðinu, númerum og lóðamörkum við Hafnargötu og Búðaveg breytt.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Búðum, 26. október 2001.

Sveitarstjóri Búðahrepps,
Steinþór Pétursson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 4. september 1998.

1. gr.

Í stað „I og II“ í 2. másl. 1. mgr. 1. gr. komi: I, II, III og IV.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Breidd bifreiðar og eftirvagns má mest vera 2,55 m. Breidd yfirbyggingar jafnhitavagns má mest vera 2,60 m.

3. gr.

10. gr. orðist svo:

Skráningarstofan hf. getur veitt undanþágu frá ákvæðum um mestu lengd vagnlesta, allt að 25,25 metrum, þar sem hagkvæmt þykir vegna almennra flutninga.

Skilyrði fyrir útgáfu undanþágu er:

- a. Vagnlestinni skal vera hægt að aka innan snúningsboga með 12,50 m radíus í ytri hring og 2,00 m radíus í innri hring. Ákvæði þetta telst vera uppfyllt fyrir bifreið og tengivagn ef fjarlægð frá framenda bifreiðar að miðju aftasta áss tengivagns er ekki meiri en 22,50 m og mál frá miðju snúningskrans tengivagns til miðju fræðilegs afturáss er ekki meiri en 8,15 m.
- b. Lengd farmrýmis eftirvagns má ekki vera meiri en 13,60 m.
- c. Bifreið og eftirvagn skulu búin hemlum með læsivörn.
- d. Bifreið skal búin hraðatakmarkara sem er stilltur þannig að hraði geti ekki orðið meiri en 90 km/klst.
- e. Aftan á eftirvagni skal vera merki með áletruninni „UNDANÞÁGA VEGNA LENGÐAR“ og merki sem sýnir leyfðan hámarks hraða vagnlestar, sbr. viðauka III. Leyfi skal vera skriflegt og haft meðferðis meðan á flutningi stendur.